

Professional Snickeri 15

Innilakk 15%



Efnislýsing

Professional Snickeri 15 er vatnsþynnanlegt akrýllakk til innanhússnotkunar. Lakkið hefur fallega silkimatta áferð og er ætlað til málunar á eldhússkápum, hurðum, körmum, sökklum, listum o.fl. Það hentar einnig vel á ryðvarðar plötur og málm innanhúss. Professional Snickeri 15 hefur gott flot, þekur vel og myndar slitsterka og þvottheldna málningarfilmu sem gulnar ekki með tímanum.

Meðhöndlun

Nýmálun

1. Þegar ómeðhöndlaður viður er málaður skal einangra kvisti tvær umferðir með Original Kvistlack eða Sikkens Rubbol BL Isoprimer.
2. Grunnið með Sikkens Rubbol BL Isoprimer.
3. Spartlið eftir grunnun með Professional Snickerispackel. Slípið flötinn vel og þurrkið af ryk.
4. Grunnið yfir spartlið t.d. með Sikkens Rubbol BL Isoprimer.
5. Málið loks tvær umferðir af Professional Snickeri 15. Berið ríkulega á til að auka útfloðið.

Endurmálun

1. Fjarlægið fitu og óhreinindi af áður máluðum flötum með Original Måltartvätt og vatni.
2. Gljáandi fleti skal slípa matta til að tryggja góða viðloðun.
3. Grunnið flötinn ef þörf er á með Original Häftgrund, Sikkens Rubbol BL Isoprimer eða Multiprimer.
4. Spartlið flötinn ef þörf er á og grunnið.
5. Málið tvær umferðir af Professional Snickeri 15.

Ef Original Häftgrund grunnur er valinn skal láta hann (og milliumferðir) þorna yfir nótt áður en lokaumferðin af Professional Snickeri er borin á.

Heilsufars- og umhverfismál

Við þússun eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir og gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal mála í vel loftræstu rými og nota grímur fyrir öndunarfæri ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Ekki láta málningardósina standa opna meðan á verki stendur. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tónum umbúðum til endurvinnslustöðva.



Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Innanhúss

Tegund: Akrýl

Gljástig: Silkimatt 15%

Þurrktími við 23°C/50% raka: Gegnumþurrkt eftir 2 klst, yfirmálun eftir 12 klst

Loft-/yfirborðshiti við málun: Minnst +5°C

Rakastig: 40-80% (kjörarakastig 65%)

Þynning: Vatn

Verkfæri: Penslar, rúllur, málningarsprautur

Þekja: 8 m²/l

Umbúðir: 1 og 2,5 lítra dósir

Stofnar: BW, BC

Hreinsun: Sápuvatn

Geymsla: Í frostfríu rými

Rokgjörn lífræn efni (VOC fl. A/a 130 g/l):
Inniheldur mest 90 g/l

Þessi lýsing á við hvítan lit. Gildin geta verið önnur fyrir aðra liti.

Umhverfisvottanir

Professional Snickeri 15 uppfyllir staðla Svansins, sem er umhverfismerki Norrænu ráðherranefndarinnar. Sjá nánari upplýsingar á www.nordic-ecolabel.org



SÉREFNI

Dalvegi 32b Kópavogi | sími 517 0404 | serefni.is